



Fyrirlestur í Þjóðminjasafni Íslands  
í samstarfi við Þjóðbúningaráð

25. nóvember kl. 12:00

Karl Aspelund, Boston University:

## Hver er þjóðin? Hvaða klæði?

Vandamál tengd skilgreiningum í rannsókn  
á þjóðlegum klæðnaði íslenskra kvenna í dag

Karl Aspelund hefur síðastliðin tvö ár undirbúið rannsókn vegna doktorsritgerðar í mannfræði um eðli og stöðu þjóðlegs klæðnaðar íslenskra kvenna í dag („Þjóð og þræðir í kvenna höndum.“) Undirbúningi er nánast lokið og munnleg gagnasöfnun og skrif hafin. Þessi rannsókn, ásamt þjóðbúningaumræðu á Norðurlöndum, hvatti til skýrari skilgreiningar á þremur þáttum:

- 1) Hvaða konur klæddust þeim fatnaði sem varð sérhverju sinni að þjóðbúningi?
- 2) Má skipta búningasögunni í tímabil innan kynslóða? Hvernig? Á hvaða forsendum?
- 3) Afhverju taldist einn klæðnaður „þjóðlegri“ en annar og hvernig hefur sanngildi þeirra verið rætt og metið?

Karl mun kynna þennan hluta rannsóknar sinnar, hugmyndir sem kviknað hafa í framhaldi og nýjar rannsóknir sem munu tengjast þeim. Síðan mun hann leggja fram nýjar spurningar sem hafa vaknað og ræða að lokum hvað þessar vangaveltur leggja til rannsókna um þjóðleg gildi á tímum alþjóðlegra stillbrigða og hnattvæðingar.

*Karl er nemi til doktorsgráðu í mannfræði við Boston University í Bandaríkjunum og hefur kennt fatahönnun við University of Rhode Island síðan 1996. Áður kenndi hann við Fataiðndeild og stjórnáði Iðnhönnunardeild Iðnskólans í Reykjavík jafnframt því að hanna leikmyndir og búninga fyrir leikhús og kvikmyndir. Ný bók eftir Karl kom út í sumar: „Fashioning Society“ er sögulegt yfirlit yfir hlutverk hátískuhönnunar í pólitískri imyndasköpun.*

*Ritgerð Karls sem fyrirlestur þessi byggir á („Who are these Folk? What is their Dress?“) var flutt í boði Þjóðbúningaráðs Íslands á þingi Norrænna þjóðbúningaráða (Nordiskt Dräktseminarium, 2009) í Svíþjóð í ágúst sem leið. Tengd ritgerð hans um menningar-sköpun Sigurðar málara og Kvöldfélagsins í Reykjavík („Defining National Culture by Stealth and Design“) fékk viðurkenningu Society of Historians of Scandinavia í Bandaríkjunum sem besta ritgerð framhaldsnema á ársþingi þeirra í maíbyrjun.*

*Fyrirlesturinn verður fluttur á íslensku, er 50 mínútur að lengd og boðið verður upp á spurningar og umræður á eftir*